

# Menntaskólinn í Kópavogi

Ytra mat 2017



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Védís Grönvold og Þórir Ólafsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskólans í Kópavogi 2017  
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Védís Grönvold  
Þórir Ólafsson  
Forsíðumynd Védís Grönvold  
ISBN 978-9979-0-2114-8

## Heildarniðurstöður

Menntaskólinn í Kópavogi (MK) er framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð skipulagt í áfangakerfi. Auk bók- og undirbúningsnáms er MK miðstöð kennslu í matvælagreinum í nánú samstarfi við vinnumarkaðinn. Ferðamála- og leiðsögunám er starfrækt í kvöldskóla.

MK á sér ítarleg markmið og stefnur um einstaka þætti skólastarfsins. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í hagnýtu og fjölbreyttu námi í framsæknum skóla. Skólinn hefur fengið viðurkenningar fyrir störf sín að jafnréttis- og umhverfismálum.

MK notar gæðastjórnunarkerfið ISO 9001. Starfsemi skólans hefur verið skilgreind, verklag og viðmið í skólastarfinu skýrð og gerð aðgengileg. Verkferlar eru rýndir og leitast við að bæta þá að loknu mati. Mikill styrkur er af gæðakerfinu fyrir skólastarfið.

Starfsmannavelta í MK er lítil og starfsandi góður að sögn nemenda og starfsfólks. Kennarar eru vel menntaðir og nánast allir með kennsluréttindi. Skólinn leggur áherslu á upplýsingatækni í kennslu og stendur fyrir endurmenntun á því sviði fyrir kennara. Kennsluáætlanir eru greinagóðar, kennsluhættir fjölbreyttir og námsmat hefur þróast í vaxandi mæli í átt að símati með minni áherslu á lokapróf.

Stoðkerfi skólans er öflugt og þjónusta náms- og starfsráðgjafa aðgengileg. Sérstök áhersla er lögð á samstarf stoðþjónustu við foreldra. Margt er gert til að koma til móts við nemendur sem einstaklinga með ólíkar þarfir, áhugasvið og námsgetu. Áfangakerfið og verkleg aðstaða hafa m.a. verið nýtt í þeim tilgangi. Námsbraut fyrir nemendur með einhverfu er starfrækt við skólann.

Vel er tekið á móti nýjum nemendum í MK og áhersla lögð á stuðning við nemendur af erlendum uppruna. Nemendur segja félagslífið í skólanum vera gott og vel stutt af stjórnendum. Bóknámsnemendur eru virkari í félagslífinu en verknámsnemar og má tengja það hærra aldri og atvinnuþátttöku hinna síðarnefndu.

Foreldrafélag MK glímir við takmarkaðan áhuga foreldra á starfi þess. Skólinn þarf að vinna að því áfram að styrkja tengslin við foreldra t.d. með könnun á hugmyndum foreldra um aðkomu að skólastarfinu og eftirfylgni með niðurstöðum.

Vinna við að draga úr brotthvarfi nemenda í MK hefur skilað árangri. Miklar ólögmætar fjarvistir úr kennslustundum eru hins vegar áhyggjuefni.

Nemendur í dagskóla hafa ekki verið jafn fáir og nú síðastliðin tíu ár. MK stendur frammi fyrir því að stemma stigu við fækkun nemenda meðal annars með því að laða til sín fleiri nemendur úr Kópavogi.

Stjórn og rekstur MK er í traustum skorðum, skipurit er skýrt og aðgengi að stjórnendum greitt en nokkuð skiptar skoðanir um stjórnun skólans. Gagnrýnt var að samráð um breytingar væri ekki nægilegt, auka þyrfti þátttökustjórnun og bæta reglulegu mati á stjórnun skólans í gæðakerfið.

Öll aðstaða Menntaskólans í Kópavogi til kennslu er góð en þörf er á endurnýjun og fjölgun tækja til verklegrar kennslu. Aðstaða til félagsstarfa nemenda er takmörkuð og er stefnt að endurbótum á henni. Húsnæði MK er mjög vistlegt, umgengni um skólann og hreinlæti til fyrirmyndar.

## Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður.....	2
Inngangur .....	4
Menntaskólinn í Kópavogi.....	5
Nemendur og nám.....	6
Árlegur starfstími .....	12
Kennarar og annað starfsfólk.....	12
Niðurstöður ytra mats.....	14
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag .....	15
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	15
1.2. Um stjórnendur .....	15
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur .....	16
1.4. Um innra mat.....	16
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð .....	17
2.1. Um nám og kennslu.....	17
2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur .....	18
2.3. Um námsmat .....	18
2.4. Um kennara .....	18
2.5. Um námsgögn.....	19
Þáttur 3: Samskipti og líðan .....	20
3.1. Um skólabrag.....	20
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	20
3.3. Um félagslíf nemenda.....	21
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn.....	21
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf .....	21
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður .....	22
Þáttur 5: Lykilárangur .....	23
5.1. Um námsárangur.....	23
5.2. Um árangur í grunnþáttum .....	23
5.3. Um langtímaárangur .....	24
Viðaukar – Greinargerð matsmanna.....	25
Umfjöllun um stjórnun og skipulag.....	25
Umfjöllun um kennslu og námsframboð .....	29
Umfjöllun um samskipti og líðan .....	31
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað .....	34
Umfjöllun um lykilárangur .....	36
Heimildir og tilvísanir .....	38

## Inngangur

Í skýrslu þessari er fjallað um ytra mat á starfsemi Menntaskólans í Kópavogi sem fram fór á vorönn 2017. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Védísi Grönvold og Þóri Ólafsson sem matsmenn og eru þau jafnframt höfundar þessarar skýrslu. Þau hófu vinnu við matið í lok janúar 2017.

Skýrslan hefst á tölulegum upplýsingum um starfsemi skólans. Í öðrum hluta er matslisti þar sem sjá má niðurstöður bæði skólans og matsmanna. Aftan við matslistana eru viðaukar þar sem finna má rök fyrir svörum matsmanna við spurningum í matslistum. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá þar sem gerð er grein fyrir þeim gögnum sem matsmenn studdust við.

Í desember 2016 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggist m.a. á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sett. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnað og lykilárangur. Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins. Þannig er ytra matinu að hluta til ætlað að sannreyna hvort niðurstöður skólans eigi við rök að styðjast.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu við ytra matið voru:

- **Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna.** Þar má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, fjarvistir nemenda og brotthvarf, forfallakennslu, brautskráningar, samninga og skýrslur.
- **Vefur skólans (mk.is).** Á vefinn voru sótt ýmis gögn er varða sýn skólans og stefnu, skipulag náms og starfshætti.
- **Vettvangsheimsóknir.** Matsmenn gengu um skólann á kennslutíma.
- **Aðstaða skólans skoðuð.** Litið var við í kennslustundum og rætt við nemendur og kennara.
- **Umræður í rýnihópum og samtöl við einstaklinga.** Valið var í rýnihópa nemenda, kennara og starfsmanna með stýrðu slembivali. Skólinn sá um að boða viðmælendur. Rætt var við hóp stjórnenda (skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra bæði bóknáms og verknáms), tvo hópa kennara, tvo hópa annarra starfsmanna, tvo hópa nemenda, stjórn nemendafélagsins, fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins, gæðastjóra og formann skólanefndar. Viðmælendur voru samtals um 60 og fóru bæði umræður rýnihópa og samtöl við einstaklinga fram í mars 2017.

Á grundvelli þessa fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má sjá í viðaukum skýrslunnar.

Matsmenn þakka öllum sem lögðu þeim lið við ytra mat á Menntaskólanum í Kópavogi. Margir komu að matinu og aðstoðuðu með ýmsum hætti svo sem við skipulagningu, boðun í viðtöl, með því að veita viðtöl eða taka þátt í starfi rýnihópa auk þess að leggja til margvísleg gögn og upplýsingar.

## Menntaskólinn í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi (MK) var settur í fyrsta sinn þann 22. september 1973. Fyrstu tíu árin var skólinn til húsa í Kópavogsskóla en fluttist síðan í húsnæði Víghólaskóla við Digranesveg og hefur verið þar síðan. Byggt hefur verið við skólann og voru viðbyggingar teknar í notkun 1993, 1996 og 2003. MK er eini framhaldsskólinn í Kópavogi þar sem nú búa rúmlega 35.000 manns. Níu grunnskólar starfa í Kópavogi og þaðan brautskrást um 400 nemendur árlega.

Í upphafi var kennt samkvæmt skipulagi bekkjakerfis í MK en árið 1982 var tekið upp kjarnakerfi sem tók mið bæði af skipulagi áfanga- og bekkjakerfis. Frá árinu 1995 hefur öll kennsla verið samkvæmt áfangakerfi.

Námsframboð í MK einskorðaðist í fyrstu við bóknám til stúdentsprófs en jafnframt var hugað að fjölbreyttara námsframboði. Straumhvörf urðu í þeim efnum þegar ákveðið var að flytja starfsemi Hótel- og veitingaskóla Íslands í Menntaskólann í Kópavogi ásamt námi í bakara- og kjötið, námi fyrir matsveina, matartækna. Skólinn skipulagði til viðbótar grunnnám matvælagreina sem kynningar- og aðfaranám fyrir nýnema svo og nám fyrir iðnmeistara. Kennsla í matvælagreinum í MK hófst árið 1996 og varð skólinn þar með eiginlegur móðurskóli þeirra greina í landinu. Áður var þar hafin kennsla á skrifstofubraut og í ferðafræðum og er kennsla í ferðamálafræðum nú orðin styrk stoð í framboði starfsmenntunar við skólann ásamt matvælanáminu. Starfsbraut fyrir einhverfa tók til starfa í MK árið 1999 og þar hefur lengi verið starfrækt námsbraut til frekari undirbúnings framhaldsskólanámi auk þess sem nemendur grunnskóla í Kópavogi hafa getað stundað einingabært nám við skólann. Haustið 2007 hófst kennsla í hóteltjórnun í Menntaskólanum í Kópavogi, nám á háskólastigi kennt í samstarfi við César Ritz Collages í Sviss. Í boði var fyrsta árið af þremur en nemendum gefinn kostur á að ljúka BA-námi sínu í Sviss. Kennsla í hóteltjórnun hefur legið niðri frá árinu 2015.

Hluti af náminu í MK fer fram í sérskólum sem starfræktir eru sem kvöldskólar. Ferðamálagreinar eru kenndar í „Ferðamála skólanum í Kópavogi“ sem hefur verið starfræktur frá 1987 og leiðsögunám er kennt í „Leiðsöguskólanum“ sem var stofnaður árið 1976. MK hefur annast kennslu fyrir vistmenn í Krísuvík og í Kvinnafangelsinu í Kópavogi meðan það var starfrækt.

Notkun tölvu í kennslu hófst í MK þegar árið 1975 og hefur upplýsingatækni jafnan verið nýtt með markvissum hætti í skólastarfinu. MK var meðal fyrstu framhaldsskóla hér á landi til að setja sér heildstæða stefnu um nýtingu fartölvu og upplýsingatækni í skólastarfi og hefur þar verið lögð áhersla á að vera í fararbroddi við að nýta nýja tækni í námi. Árið 2008 innleiddi Menntaskólinn í Kópavogi gæðastjórnunarkerfið ISO 9001. Með því nálgast skólinn ferlastjórnun á verkefnum með kerfisbundnum hætti.

Stefna MK er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla þar sem kappkostað er að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám. Skólinn vill vinna að þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi sinni með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Þá er sérstök áhersla lögð á jafnréttis- og umhverfismál í MK.

## Nemendur og nám

Námsframboð í MK er fjölbreytt. Á haustönn 2016 voru nemendur skráðir á 19 námsbrautir í dagskóla og tvær í kvöldskóla auk fjölbreytts námskeiðahalds í endurmenntun matvælagreina og grunnskólanema sem þar stunda einingabært nám. Eftirfarandi nám er í boði við Menntaskólann í Kópavogi:

### Bóknám

#### Nám til stúdentsprófs (200 einingar):

- **Alþjóðabraut.** Lögð er áhersla á sterkan þekkingargrunn á sviði alþjóðasamskipta og erlendra tungumála.
- **Félagsgreinabraut.** Lögð er áhersla á að byggja upp sterkan þekkingargrunn á sviði félags- og hugvísinda.
- **Opin braut.** Lögð er áhersla á að byggja upp almennan sterkan þekkingargrunn með því að nemendur aðlaga námið að þörfum sínum og áhugasviðum.
- **Raungreinabraut.** Lögð er áhersla á að byggja upp sterkan þekkingargrunn á sviði náttúru- og raunvísinda og stærðfræði.
- **Viðskiptabraut.** Lögð er áhersla á að byggja upp sterkan þekkingargrunn á sviði viðskipta- og hagfræðigreina.
- **Viðbótarnám til iðnstúdentsprófs.** Nám að loknu skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi.

**Listnámsbraut.** Þriggja ára námsbraut sem veitir undirbúning til frekara náms í sérskólum eða listnámsskólum á háskólastigi. Kjarnagreinar eru samtals 51 eining, val er 9 einingar og kjörsviðsgreinar 45 einingar. Kjörsviðsgreinar eru stundaðar í listaskóla.

**Framhaldsskólabraut.** Nám til frekari undirbúnings framhaldsskólanámi. Námið er einingabært (á fyrsta þrepi) og námslok með ýmsum hætti eftir þörfum hvers og eins. Hægt er að ljúka framhaldsskólaprófi og útskrifast frá MK að loknum 90-120 einingum.

**Starfsbraut fyrir nemendur með einhverfu.** Markmið brautarinnar er að bjóða nemendum með einhverfu nám sem tekur mið af þeirra þörfum. M.a. er lögð áhersla á að efla sjálfstraust, sjálfstæði og samskiptahæfni nemenda auk þess að veita þeim reynslu, þekkingu og færni sem nýtist í daglegu lífi.

### Ferðamála- og leiðsögunám

**Ferðamálagreinar.** Námið er ætlað þeim sem vilja öðlast fagþekkingu í ferðaþjónustu. Lögð er áhersla á starfsnám og undirbúning fyrir alhliða störf í ferðaþjónustu.

**Leiðsögunám.** Námið tekur mið af ólíkum þörfum ferðaþjónustunnar í takt við breytt ferðamynstur. Leiðsögunám tekur eitt skólaár.

## Matvælagreinar

Nám í löggiltum iðngreinum:

- **Bakaraiðn.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, fagleg og verkleg menntun til að takast á við störf bakara. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Framreiðsla.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, fagleg og verkleg menntun til að takast á við störf framreiðslumanns (þjóns). Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls þrjú ár.
- **Kjötiðn.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, fagleg og verkleg menntun til að takast á við störf kjötiðnaðarmanns. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.
- **Matreiðsla.** Nemendur hljóta nauðsynlega almenna, fagleg og verkleg menntun til að takast á við störf matreiðslumanns. Að loknu námi í skóla, starfsþjálfun og sveinsprófi öðlast nemendur starfsréttindi. Námið tekur alls fjögur ár.

### Annað matvælanám

- **Grunnnám matvæla- og ferðagreina.** Tveggja anna námsbraut með námslokum á fyrsta þrepi. Námið er ætlað nemendum sem stefna að frekara námi í matvæla- og ferðagreinum. Námið felur í sér almenna menntun þar sem lögð er áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni.
- **Matartæknánám.** Þrepaskipt, bóklegt og verklegt nám sem lýkur með fagprófi matartækis á 3. námsþrepi. Matartæknánám er þrjár annir í skóla ásamt vinnustaðanámi og starfsþjálfun. Matartæknánám býr nemendur undir matreiðslu og stjórnun í eldhúsum vinnustaða.
- **Matsveinanám.** Þrepaskipt, bóklegt og verklegt nám sem lýkur með fagprófi matsveins á 2. námsþrepi. Matsveinanám er tvær annir í skóla og 52 vikur á starfsnámsstað. Það býr nemendur undir störf í mötuneytum, á fiski- og flutningaskipum og hjá minni ferðaþjónustufyrirtækjum.

### Skrifstofunám:

- **Skrifstofubraut I.** Hagnýtt tveggja anna nám. Meginmarkmið þess er að veita nemendum víðtæka en almenna þekkingu í þeim greinum sem nýtast best við vinnu á skrifstofu.
- **Viðurkenndur bókarí.** Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis til viðurkennds bókara skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG.

### Framhaldsfræðsla og endurmenntun:

- **Meistaránám.** Nám að loknu sveinsprófi til meistararéttinda í viðkomandi iðngrein.
- **Sæmundur fróði.** Ýmis endurmenntunarnámskeið í matvælagreinum.

Nám til stúdentsprófs hefur verið endurskilgreint í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Nú stundar hluti nemenda í MK nám til stúdentsprófs á nýjum námsbrautum en aðrir samkvæmt eldri námskrá (félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, viðskipta- og hagfræðibraut) sem verður aflögð er þeir ljúka námi. Hliðstætt nám er því tímabundið kennt samkvæmt tveimur kerfum með aukinni fyrirhöfn og álagi á skólstarfið. Unnið er að því að laga skipulag starfsnámsbrauta að nýju kerfi.



## Skipting á námsbrautir

Í töflu 1 má sjá skiptingu nemenda í dagskóla Menntaskólans í Kópavogi á námsbrautir eftir kyni á haustönn 2016.

**Tafla 1. Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni haustið 2016**

Námsbrautir	Karlar	Konur	Alls
Bakaraíðn	3	4	7
Félagsfræðabraut	92	154	246
Framhaldsskólabraut	29	20	49
Framreiðsla	11	14	25
Grunnnám matv.- og ferðagr.	23	18	41
Grunnnám matvæla (samningsb.)	21	4	25
Grunnnám matartækna/sveina	0	9	9
Kjötiðn	0	0	0
Matreiðsla	49	13	62
Málabraut	16	55	71
Meistaránám	45	11	56
Matsveinanám	4	17	21
Náttúrufræðabraut	123	81	204
Opin braut	4	8	12
Ótilgreint nám	2	1	3
Hagnýtt viðskiptanám	3	35	38
Starfsbraut	11	4	15
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	2	3
Viðskiptabraut	78	39	117
<b>Alls</b>	<b>515</b>	<b>489</b>	<b>1004</b>

Kynjaskipting nemendahópsins í MK var býsna jöfn í dagskóla á haustönn 2016. Námsval er hins vegar talsvert kynbundið sé litið til einstakra námbrauta. Konur eru þannig mun fjölmennari á félagsfræða- og málabrautum en karlar velja hins vegar fremur nám á náttúrufræðibraut. Í matreiðslu eru umtalsvert fleiri karlar en skiptingin er nánast jöfn í þjónanáminu (framreiðslu). Yfirgnæfandi fjöldi karla í meistaránámi endurspeglar væntanlega kynjahlutföll þeirra sem starfa í matvælagreinum.

Í kvöldskóla MK er í boði nám í ferðamálafræði og leiðsögunám. Í töflu 2 má sjá skiptingu nemenda á námsbrautirnar og hefur fjöldi nemenda verið svipaður undanfarin fimm ár. Konur eru áberandi fleiri í ferðamálanáminu en í leiðsögunáminu eru hlutföll kynjanna áþekkt.

**Tafla 2. Skipting nemenda á námsbrautir í kvöldskóla MK á haustönn 2016**

Tegund náms	Karlar	Konur	Alls
Ferðamálanám	5	30	<b>35</b>
Leiðsögunám	43	49	<b>92</b>
<b>Alls</b>	<b>48</b>	<b>79</b>	<b>127</b>

### Námshópar

Námsframboð í MK er mjög fjölbreytt og breidd í nemendahópnum einnig. Af sjálfu leiðir að viðfangsefni og skipulag kennslu, svo sem hópastærð, ræðst af mörgum þáttum og spannar breitt bil. Mjög fáir nemendur er skráðir í sumar þeirra iðngreina sem MK kennir jafnvel svo að skólinn hefur gripið til þess ráðs að skipuleggja námið með hléum eða tímabundinni niðurfellingu eins og í kjötið. Stærð hópa þarf einnig að taka mið af aðstöðunni sem í sumum tilfellum er takmarkandi eins og í verklegum matvælagreinum.

### Nemendafjöldi og aðsókn

Nemendur í MK voru alls 1131 á haustönn 2016, 1004 í dagskóla og 127 í kvöldskóla. Í töflu 3 er yfirlit yfir þróun nemendafjölda frá 2012-2016 þar sem sjá má að nemendum í dagskóla hefur fækkað umtalsvert á þeim tíma. Til viðbótar því sem taflan sýnir koma nemendur í 10. bekkjum grunnskóla í Kópavogi sem stunda einingabært nám í MK. Þeim fækkaði töluvert vegna niðurskurðar í fjárveitingum til framhaldsskóla upp úr 2008 eða úr um 200 á ári í um 75 að meðaltali undanfarin fimm ár. MK rekur einnig umfangsmikla endurmenntun fyrir starfsmenn í matvælaíðnaði undir heitinu Sæmundur fróði. Þátttakendur í slíkum námskeiðum voru 346 á síðastliðnu ári.

**Tafla 3. Fjöldi nemenda í MK 2012-2016**

Ár	2012	2013	2014	2015	2016
Dagskóli	1289	1204	1171	1132	1004
Kvöldskóli	108	121	113	114	127
<b>Alls</b>	<b>1397</b>	<b>1325</b>	<b>1284</b>	<b>1246</b>	<b>1131</b>

Yfirlit yfir fjölda nýnema í dagskóla sem sjá má í töflu 4 endurspeglar fyrrgreinda fækkun nemenda þótt ekki sé hún línuleg. Áberandi er mikil fækkun nýnema 2016 frá árinu á undan.

**Tafla 4. Fjöldi nýnema í dagskóla MK 2012-2016**

Ár	Karlar	Konur	Alls
2012	139	96	<b>235</b>
2013	137	101	<b>238</b>
2014	123	79	<b>202</b>
2015	131	112	<b>243</b>
2016	86	85	<b>171</b>

Nemendur í dagskóla koma flestir úr Kópavogi eða um helmingur þeirra, tæpur fjórðungur frá Reykjavík og aðrir frá fjölmörgum öðrum byggðarlögum landsins. Búseta nemenda í kvöldskóla er mun dreifðari en í dagskólanum.

### **Brotthvarf og fjarvistir**

MK hefur undanfarin ár markvisst leitast við að draga úr brotthvarfi nemenda. Í nýjasta skólasamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið (sem gilti til loka árs 2015) setur skólinn sér það markmið að koma brotthvarfi niður fyrir 10%. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að vinna gegn brotthvarfi svo sem meira aðhalds, greininga, ráðgjafar og stuðnings umsjónarkennara auk fræðslu og samráðs við nemendur og foreldra. Á haustönn árin 2015 og 2016 mældist brotthvarf í MK 5,3% og enn lægra árið 2014 eða 3,2%. Skólinn hefur þannig náð umtalsverðum árangri í að draga úr brotthvarfi.

Í töflu 5 er yfirlit yfir skráðar fjarvistir nemenda. Ólögmætar fjarvistir (skróp) eru þar 9-11% á síðustu tveimur önnum.

**Tafla 5. Skráðar fjarvistir í dagskóla MK**

	Vor 2016	Haust 2016
Veikindi	7,60%	7,40%
Of seint	1,80%	1,70%
Leyfi	1,70%	2,00%
Skróp	9,10%	11,10%

### **Brautskráningar**

Á hverju skólaári útskrifast um og yfir 300 nemendur frá Menntaskólanum í Kópavogi en skólinn brautskráir nemendur bæði í lok haust- og vorannar. Í töflu 6 eru brautskráningar síðastliðinna fimm ára teknar saman og flokkaðar eftir skyldleika náms. Brautskráningar skiptast nokkuð jafnt milli bóknáms annars vegar og

annars náms í skólanum hins vegar. Matvælanámið á um þriðjung brautskráninga, iðnmeistaránámið tæplega einn tíunda og skrifstofunámið sjónarmun meira. Brautskráningarnar gefa mynd af skóla þar sem bóklegt og verklegt nám dafnar hlið við hlið.

**Tafla 6. Brautskráðir frá dagskóla MK eftir tegund náms 2012-2016**

Tegund	Fjöldi	Hlutfall %
Bóknám	790	48,3
Matvælanám	470	28,8
Hótelstjórnun (Cesar Ritz)	24	1,5
Iðnmeistaránám	159	9,7
Skrifstofunám	191	11,7
<b>Alls</b>	<b>1634</b>	<b>100</b>

Í töflu 7 má sjá skiptingu brautskráninga árið 2016 á einstakar námsbrautir í MK. Flestir útskrifast sem stúdentar með áherslu á félagsvísindi og nokkru færri með áherslu á náttúruvísindi. Úr starfsnáminu brautskrást flestir með lokapróf í matreiðslu.

**Tafla 7. Fjöldi brautskráðra frá MK í dagskóla eftir námsbrautum árið 2016**

Námsbrautir	Karlar	Konur	Alls
Bakaraíðn	8	1	9
Félagsfræðabraut	21	33	54
Framhaldsskólabraut	12	6	18
Framreiðsla	10	17	27
Kjötiðn	1	0	1
Matreiðsla	39	8	47
Málabraut	6	13	19
Meistaránám	14	6	20
Matsveinanám	4	14	18
Náttúrufræðabraut	28	21	49
Starfsbraut	2	0	2
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	1	3
Viðskiptabraut	15	10	25
Skrifstofubraut 1		8	8
<b>Alls</b>	<b>162</b>	<b>138</b>	<b>300</b>

## Árlegur starfstími

Skólaárið í MK er skipulagt í tveimur önnum. Kennsla á haustönn 2016 hófst 18. ágúst og lauk með brautskráningu nemenda 18. desember. Fyrsti kennsludagur vorannar 2017 var 5. janúar og prófsýning áætluð 29. maí. Starfsdagar nemenda eru alls 180 og fjórir vinnudagar kennara skipulagðir utan þess starfstíma. Prófdagar eru alls sjö í lok hvorrar annar og hefur þeim fækkað með auknu símati.

Á haustönn 2016 reiknast skólanum til að alls hafi 2,47% kennslustunda fallið niður vegna forfalla og annarra ástæðna. Verður það að teljast mjög ásættanlegur árangur í stórum áfangaskóla með fjölbreytt námsframboð og breiðan hóp nemenda.

## Kennarar og annað starfsfólk

Starfsmenn MK voru alls 112 á vorönn 2017 í 100 stöðugildum. Konur voru talsvert fjölmennari í starfsmannahópnum í heild eins og sjá má í töflu 8 (nokkrir hafa fleiri en eitt starfsheiti og því gefur taflan ekki nákvæma mynd af starfsmannafjölda). Yfirstjórn skólans er skipuð skólameistara, aðstoðarskólameistara og tveimur áfangastjórum í fjórum stöðugildum. Við MK starfa tveir náms- og starfsráðgjafar, stuðningsfulltrúi, bókavörður, þroskaþjálfari, kerfisstjóri, gæðastjóri í tæplega hálfri stöðu auk starfsmanna við ýmis sérhæfð störf. Á síðastliðnum fimm árum réðust 37 nýir starfsmenn til MK. Það verður að teljast lítil starfmannvelta í skóla með yfir 100 starfsmenn.

Tafla 8. Starfsfólk MK á vorönn 2017

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Skólameistari			1	1
Aðstoðarskólameistari	1	1		
Áfangastjóri	1	1	1	1
Fjármálastjóri	1	1		
Fagstjórn	5	0,5	9	1,95
Framhaldsskólakennarar	26	21,41	53	45,24
Leiðbeinendur	2	1,47	1	0,26
Kerfisstjóri	1	1		
Náms- og starfsráðgjafar			2	2
Bókavörður			1	1
Þroskaþjálfari			1	1
Náms- og skrifstofustjóri			1	1
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Innkaupastjóri	1	1		
Stuðningsfulltrúar	2	2		

Þjónustuliðar	1	1	8	7,5
Skólafulltrúi			1	1
Gæðastjóri	1	0,45		
Kynningarstjóri			1	0,25
Alþjóðafulltrúi			1	0,17
Endurmenntunarfulltrúi			1	0,25
Tölvuumsjón	1	0,25	1	0,25
Matráður			2	2
Umsjón með mötuneyti	1	0,5		
Forvarnarfulltrúi			1	0,1
Félagslífsfulltrúi			1	0,25
Fjarvistafulltrúi			1	0,3
<b>Alls</b>	<b>45</b>	<b>33,58</b>	<b>88</b>	<b>66,52</b>

Í töflu 9 gefur að líta yfirlit yfir menntun kennara í MK. Samkvæmt henni eru einungis þrjú kennarar án kennsluréttinda starfandi við MK sem telst lítið í skóla með fjölbreytt og að stórum hluta sérhæft námsframboð. Tæp 60% kennara með háskólamenntur hafa lokið meistaraþrófi eða hærri prófgráðu.

**Tafla 9. Menntun kennara í MK á vorönn 2017**

Menntun	Fjöldi
PhD auk kennsluréttinda	1
MA/MS/M.ED-próf auk kennsluréttinda	36
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	27
Önnur menntun auk kennsluréttinda	12
Háskólapróf án kennsluréttinda	2
Önnur menntun án kennsluréttinda	1

Meðalaldur kennara í MK er 53 ár sem liggur nærri meðalaldri íslenskra framhaldsskólakennara. Meðalstarfsaldur kennara við skólann er 17 ár.

## Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneyti skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum fyrir matsmenn. Þar er að finna ákvæði um gögn og aðferðarfræði matsins, einkunnagjöf og frágang matsskýrslu. Einnig eru þar settir fram fimm þættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólastarfs. Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Greindir eru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar í skólastarfinu og einkunnir gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Vísbendingar sem metnar eru til einkunna eru alls 78. Við matið skal taka mið af eftirfarandi fjögurra bila kvarða:

*(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*

*(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*

*(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*

*(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar*

Skóli hefur sjálfur í aðdraganda ytra mats metið stöðu sína með sömu viðmiðum og vísbendingum og matsmenn nota. Ytra matinu er að hluta ætlað að sannreyna sjálfsmat skólans. Niðurstöður eru settar fram á þann hátt að mat skólans er merkt „S“ og ytra mat matsmanna er merkt „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit. Matsmenn leggja ekki mat á fullyrðingar númer 70, 71, 72, 73, 74 og 75 en í viðauka er gerð nánari grein fyrir því.

## Páttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

### Mat á stjórnun og skipulagi:

#### 1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglar í öllum starfsháttum hans.	SM			
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	SM			
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S	M		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	S	M		

#### 1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.



### Vísbindingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	S M			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	S	M		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S M			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	S	M		

#### 1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

### Vísbindingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	SM			

#### 1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

### Vísbindingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	SM			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	S	M		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	S	M		
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	SM			
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	SM			

## Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

### Mat á kennslu og námsframboði:

#### 2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	SM			
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	S	M		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	S	M		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	S	M		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

## 2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

## 2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólustarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	SM			

## 2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	SM			
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	S	M		
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.	SM			

### 2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	SM			
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S	M		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.			SM	
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

### Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

#### Mat á samskiptum og líðan:

##### 3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

##### Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

##### 3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

##### Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

### 3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	SM			

### 3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	S	M		
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	S	M		
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	SM			

### 3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.	SM			
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.	S	M		
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	SM			

## Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

### Mat á húsnæði og aðbúnaði:

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	S	M	S	
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.				SM
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.		M	S	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	SM			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

## Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

### Mat á lykilárangri:

#### 5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

#### Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.				SM
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM			

#### 5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.



### Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	S			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	S			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.				
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	S			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	S			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	S			

### 5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrirverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

### Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				SM
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		M		S
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		SM		

## Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundavallar við ytra mat á Menntaskólanum í Kópavogi vorið 2017. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólafarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar.

## Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Menntaskólinn í Kópavogi starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Ítarlega er fjallað um hlutverk MK á vef skólans og segir þar meðal annars að hlutverkið sé að „...búa nemendur undir störf og frekara nám, efla færni þeirra í íslensku máli, auka með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi, þjálfna þá í öguðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Allt starf skólans endurspeglar hina sex grunnþætti náms; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun.“

Stefna MK er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla þar sem kappkostað er að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám. Sérstök áhersla er lögð á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Stefna MK byggir á gömlum grunni en er endurskoðuð reglulega. Þátttöku var nýlega bætt við einkunnarorð skólans í takt við áherslur í aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011. Á árunum 2008 til 2014 var unnið að endurskoðun áfanga og áfangalýsinga í samræmi við aðalnámskrána. Sú vinna skilaði sér m.a. í aukinni vitund kennara um stefnu skólans.

Skólanámskrá MK var uppfærð á vef skólans í mars 2017 en hafði áður legið fyrir í drögum. Þar eru leiðarljós Menntaskólans í Kópavogi tilgreind:

- Leiðbeina nemendum af festu án þess að teyma þá.
- Gefa nemendum sýn til allra átta.
- Kenna nemendum að hugsa fremur en innræta þeim hvað þeir eigi að hugsa.
- Vera nemendum til fyrirmyndar um fornar dyggðir, iðjusemi, árvekni og stundvísi.
- Leggja áherslu á hvort tveggja þekkingu og þróun.
- Hvetja nemendur til virkrar þátttöku í nær- og fjärsamfélagi.
- Koma hverjum og einum til nokkurs þroska.

Leiðarljósinn markar menntunar- og uppeldisfræðilegt inntak skólafarfafrans sem er svo útlistað í menntastefnu MK þar sem skýrð eru hlutverk og væntingar sem gerðar eru til þess, stjórnenda, kennara og nemenda. MK á sér víðtæka og vel ígrundaða stefnu og markmið sem bera vitni um metnað og vilja til árangurs. Erfitt er að meta með afgerandi hætti hvort, hvernig og hversu mikið almenn og huglæg stefnumið birtast í daglegu starfi. Eftir samtöl við hópa nemenda, kennara, foreldra, annarra starfsmanna og fleiri er það niðurstaða matsmanna að skólafarfið í MK falli ágætlega að þeim áherslum sem lesa má um í stefnuskjölum skólans. Vel er tekið á móti nemendum og leitast við að mæta hverjum og einum á hans forsendum. Leiðarljós skólans má á ýmsan hátt sjá í skipulagi náms, nýbreytni, kennsluháttum, stuðningi og þjónustu við nemendur. Aðlögun starfsemi að stefnu er viðvarandi verkefni og mikilvægt að umræðu um inntak hennar og framkvæmd sé haldið á lofti og hugað að því að hún sé lifandi afl en ekki dauður bókstafur.

Auk markmiða og menntastefnu er á vef MK að finna útfærðar stefnur um ýmsa þætti er lúta að velferð nemenda og starfsfólks, umhverfi og rekstri skólans. Heilsustefna birtist meðal annars í því að MK er heilsueflandi skóli samkvæmt markmiðum Landlækniseimbættisins. Jafnréttisstefnu hefur skólinn sett sér á grundvelli laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna auk þess sem unnið skal gegn hvers konar misrétti. Starfsmannastefna er viljayfirlýsing um að MK sé góður vinustaður þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu, vel menntuðu og ábyrgðarfullu starfsfólki í anda jafnréttis. Umhverfisstefna hefur verið í gildi í MK frá 2006 og umhverfisvika er haldin í skólanum á hverju hausti. Gæðastefna, gæðamarkmið og yfirgripsmikil yfirlýsing um stjórnun gæðamála, úrbætur og forvarnir er meðal skjala skólans. Þá hefur skólinn sett sér stefnur um alþjóðasamstarfs, forvarnir, innkaup og upplýsingatækni.

Einstaka þættir í framsetningu og skipulagi gagna kunna að orka tvímælis. Á vef MK og í skólanámskrá er t.a.m. að finna nokkuð flókið safn skjala um almenna stefnu, menntastefnu, hlutverk og leiðarljós skólans. Að áliti matsmanna getur þetta valdið ákveðnum ruglingi og styrkur væri í því að draga saman sýn skólans og markmið með það í huga að til verði aðgengileg leiðsögn fyrir daglegt starf.


Árið 2008 innleiddi Menntaskólinn í Kópavogi gæðastjórnunarkerfið ISO 9001. Með því nálgast skólinn ferlastjórnun á verkefnum með kerfisbundnum hætti. Með vottun kerfisins fær MK alþjóðlega viðurkenningu á stjórnkerfi sínu og rekstri sem ætlað er að auðvelda gagnsæi á stjórn og rekstri skólans. Skilgreining verklags og verkferla er kjarninn í kerfinu. Auk þess að skilgreina verkferla um alla þætti skólafarfafrans voru stefnuskjöl skólans yfirfarin og til dæmis komið á samræmdu formi fyrir kennsluáætlanir. Það sem áunnist hefur með upptöku gæðakerfisins að mati skólans er m.a. að öll starfsemi skólans er vel skilgreind, verklag og viðmið í skólafarfinu ljós og aðgengileg. Rýni á einstökum verkferlum er í gangi jafnt og þétt og stöðugt leitað umbóta. Viðurkenndir úttektaraðilar hafa frá árinu 2009 tekið út ISO 9001 gæðakerfi MK á hálfis árs fresti. Sérstakt gæðakerfi, HACCP, er að auki nýtt í matvælagreinum og heilbrigðiseftirlit tekur árlega út matvælarými skólans.

Áætlun um kannanir og mat er hluti af gæðakerfinu. Af reglulegum matsþáttum er varða kennsluna má nefna nýnemakönnun, áfangamat, framkvæmd kennslu, rýni kennsluáætlana og mat á prófum og símatsverkefnum. Mat sem varðar aðra þætti er m.a. starfsmannasamtöl, innkaupaeftirlit, móttaka nýnema og könnun á viðhorfum til þjónustu í skólanum. Yfirumsjón gæðamála er í höndum gæðaráðs sem er myndað af stjórnendaráði (skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra bóknáms og

áfangastjóra verknáms) og gæðastjóra. Á vikulegum fundum stjórnendaráðs eru verkefni falin stjórnendum og þannig reynt að tryggja að eftirfylgni sé með framkvæmd verkefna. Úrbætur, forvarnir og aðrir þættir gæðamála eru í stöðugri umfjöllun og virk eftirfylgni með framkvæmd. Með ofangreindum hætti segist Menntaskólinn í Kópavogi tvíanna saman daglegan rekstur og gæðamál í einn heildstæðan rekstur.

Starfsmannasamtöl í kjölfar kennslumats eða þjónustukannana eru hluti af gæðakerfi MK og nákvæm lýsing á tilhögun þeirra og markmiðum liggur fyrir. Einnig er fyrirlagt hvernig tekið skuli á móti nýjum starfsmönnum, þeim kynntur skólinn og þjálfaðir í nýju starfi. Séu verkferlar um starfsmannamál settir í samhengi við mennta-, starfsmanna- og vinnuverndarstefnu verður umgjörð um starfsmannamál í MK að teljast til fyrirmyndar.

Ekki gefst svigrúm hér til að greina í smærri atriðum frá öllum þeim verkferlum sem skilgreindir eru og vaktaðir í gæðakerfi MK. Það er mat matsmanna að mikill styrkur sé af gæðakerfinu fyrir skólafarfið. Svo afgerandi og skriflegar lýsingar á framkvæmd, eftirliti, endurskoðun og breytingum á verklagi verði að telja veigamikinn stuðning við umgjörð skólafarfs. Margt í námi MK kallar auk þess óhjákvæmilega á mjög skýra verkferla svo sem í innkaupum, geymslu og meðhöndlun hráefna og afurða í matvælanáminu. Öll kerfi eiga að jafnaði einnig sínar veiku hliðar. Þannig má velta því upp hversu vel gæðakerfi MK fanga lykilatriði skólafarfsins, þá miðlun og móttöku þekkingar og reynslu sem fram fer í kennslu og námi. Umræða um það verður alltaf lifandi í tengslum við gæðastarf í skólum.



Skipuriti MK skýrir myndrænt tengsl þeirra aðila sem koma að stjórn skólans, fagstjórn, kennslu og þjónustu á stoðsviði, upplýsingasviði, verkefnasviði og rekstrarsviði. Eftirtektarvert er að skilgreind eru stöðuheiti sem tengjast ákveðnum áherslum í skólastarfinu. Má þar nefna alþjóðafulltrúa, kynningarstjóra, og forvarnarfulltrúa. Í heimsóknum sínum í MK og af samtölum við fjölmarga þátttakendur í skólastarfinu er það mat matsmanna að allur daglegur rekstur skólans sé í mjög föstum skorðum og verkferlar ljósir. Skólameistari fær hrós fyrir að vera skeleggur og viðræðugóður og aðgengi að stjórnendum er sagt greitt. Skiptar skoðanir komu eigi að síður fram um stjórnun skólans í samtölum við starfsfólk. Gagnrýnt var m.a. að ákvarðanir væru ekki alltaf studdar faglegum rökum og að samráð um breytingar væri ekki nægilegt. Talað var um að auka þyrfti þáttökustjórnun í skólanum og vísað til þess að starfsmannafundir einkenndust um of af einstefnumiðlun stjórnenda. Þá var það gagnrýnt að ekki væri gert ráð fyrir reglulegu mati á stjórnun skólans í gæðakerfinu.

### **Styrkleikar**

- Vel skilgreint mat á starfsemi skólans.
- Yfirgripsmiklir og skýrir ferlar um verklag.
- Regluleg uppfærsla verkferla.
- Skipurit lýsandi um starfsemi skólans.
- Skýrar starfslýsingar.
- Vel tekið á móti nýjum starfsmönnum.

### **Tækifæri til umbóta**

- Skoða tengsl og framsetningu stefnu skólans til aðgengilegra nota í daglegu starfi.
- Auka aðkomu starfsfólks að faglegum ákvörðunum.
- Mat á stjórnun verði fastur liður í sjálfsmati skólans.
- Uppfæra viðmót og skipulag á vef skólans.

## Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litahætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Við Menntaskólann í Kópavogi starfa vel menntaðir kennarar. Ríflega helmingur þeirra hefur lokið meistaraprófi og einn doktorsprófi. Á vorönn 2017 voru 96% kennara með kennsluréttindi sem er eftirtæktarvert í skóla þar sem námsframboð er jafn fjölbreytt og raun ber vitni.

Einn af mikilvægum þáttum kennslu er kennsluáætlunin. Í MK er einstaklega gott skipulag á kennsluáætlunum. Gæðakerfi skólans gerir þá kröfu að allir kennarar noti sama form fyrir kennsluáætlanir. Útlit og efnisþættir eru staðlaðir og því er fylgt markvisst eftir að unnið sé að þeim í samræmi við kröfur skólans. Þetta vinnulag er hjálplegt fyrir nemendur og einfaldar þeim að átta sig á aðalatriðum og tryggir að mikilvæg atriði komist til skila. Fagstjórar hafa það hlutverk að lesa yfir kennsluáætlanir og staðfesta þær. Þessu fyrirkomulagi er ætlað að tryggja að bæði kennsluhættir og námsmat sé fjölbreytt. Það er því hlutverk fagstjóra að kalla eftir nýrri útgáfu ef kennsluáætlun samræmist ekki markmiðum skólans um kennsluhætti og námsmat.

Upplýsingar til nemenda um námsmat og kröfur því tengdar eru skýrar í kennsluáætlunum og með því reynt að tryggja samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár. Á vef skólans má finna upplýsingar um meðferð mála sem tengjast námsmati svo sem um misferli í prófi og ágreining um námsmat. Ýmis nýbreytni hefur verið reynd í skólanum tengd námsmati. Á haustönn 2015 var ekki sett upp sérstök próftafla fyrir lokapróf. Skiptar skoðanir komu fram í viðtölunum um þá ákvörðun bæði meðal nemenda og kennara.

Um miðja önn skila kennarar sjálfsmati en það er unnið út frá tilteknum þáttum s.s. framvindu, frammistöðu, vinnufriði og aðstöðu. Skólameistari, fagstjóri og kennari funda um niðurstöður matsins og leita leiða til úrbóta ef þörf krefur. Í lok annar fylla kennarar út áfangaskýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjöldatölum, yfirferð, aðbúnaði og námsgögnum. Fagstjórar fara yfir skýrsluna og skólameistari ef tilefni þykir til. Skólameistari fundar síðan með fagstjórum í lok annar þar sem lagt er mat á stöðu hvernar fagdeildar.

Í sjálfsmatsskýrslu MK fyrir skólaárið 2015-2016 er samantekt um áfangamat hvorrar annar. Þar er fjallað um sýn nemenda á vinnuframlag sitt, skoðun þeirra á kennslunni og fleira. Niðurstöðurnar eru almennt jákvæðar og bera kennurum skólans gott vitni. Í viðtölunum kom fram að nemendur töldu að jafnan væri góður vinnufriður í kennslustundum þótt misbrestur verði á því af og til og voru grunndeild og framhaldsskólabraut nefndar í því sambandi.

Í skólanámskrá MK er að finna áfangann „Læsi“ þar sem lögð er áhersla á að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð, framsögn, virkni og gagnrýna hugsun. Vísbendingar eru um að í öðrum áföngum sé nú lögð vaxandi áhersla á þessa þætti sem er í samræmi við áherslur skólans og aðalnámskrá framhaldsskóla þótt enn sé þar verk að vinna.

Í ársskýrslu skólans fyrir árið 2016 segir að á haustönn 2016 hafi farið fram áfangamat hjá 21 kennara. Þegar niðurstöður lágu fyrir ræddi skólameistari við fimm kennara um niðurstöðurnar en skólinn hefur sett sér viðmið um árangur og þar með hvaða niðurstöður áfangamatsins þyki ásættanlegar.

Stoðkerfi MK er öflugt og í rýnihópum var sérstaklega talað um góða þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Þjónusta þeirra er sögð aðgengileg og málum fylgt vel eftir. Sérstök móttökuáætlun er til fyrir nemendur af erlendum uppruna og heyrnalausum/heyrnaskerta nemendur. Á starfsbraut fyrir nemendur með einhverfu voru 15 nemendur á vorönn 2017. Námið er skipulagt sérstaklega fyrir hvern nemanda og er námsaðstaðan löguð að þörfum starfsins sem þar fer fram. Við skólann er framhaldsskólabraut ætluð þeim nemendum sem ekki uppfylla skilyrði um inngöngu í framhaldsskóla. Leitast er við að sníða námið að ólíkum þörfum nemendanna og því taka þeir ekki allir sömu áfanga. Í stoðkerfi MK er mikið lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra.

Grunndeild matvæla- og ferðagreina hefur MK skipulagt fyrir nemendur sem stefna að frekara námi í matvæla- og ferðagreinum. Þar er jafnframt lögð áhersla á alhliða þroska nemenda og lýðræðislega virkni.

Frá því árið 2000 hafa allir nemendur og kennarar MK notað fartölvur. Í dag eru allir kennarar bæði með tölvu og iPad. Skólinn stendur fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir kennara á starfsdögum og hefur frá upphafi verið lögð áhersla á upplýsingatækni í kennslu. Í samtölum við kennara kom fram að samráð við þá um nýbreytni í kennsluháttum sé takmarkað en ætla má að þær breytingar sem skólinn kallar eftir á fyrirkomulagi námsmats í átt að símati leiði til nýbreytni í þeim áföngum þar sem lokapróf hafa áður verið undirstaða námsmats.

Í sjálfsmatskýrslu skólans fyrir skólaárið 2015-2016 kemur fram að í þeim áföngum sem skoðaðir voru að hausti var námsumsjónarkerfið Moodle ekki notað í 32% tilfella. Þeir nemendur sem rætt var við sögðu kerfið almennt notað en að til væru þeir kennarar sem frekar vildu nota tölvupóst í samskiptum við nemendur.

### **Styrkleikar**

- Vel menntaðir kennarar.
- Agaðir verkferlar við gerð kennsluáætlana.
- Kennsluáætlanir samræmdar og vandaðar.
- Eftirfylgni með kennsluáætlunum nýtt til umbóta.
- Öflugur stuðningur við nemendur.

### **Tækifæri til umbóta**

- Útfæra áherslur á þjálfun þátta s.s. sjálfstæðra vinnubragða, framsagnar, virkni og gagnrýnnar hugsunar nemenda.
- Hvetja alla kennara til að nýta námsumsjónarkerfið Moodle með virkum hætti.

## Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Starfsandi í Menntaskólanum í Kópavogi er góður. Þeir sem rætt var við mátu það svo að almennt væri starfsfólk skólans ánægt í starfi. Lítil starfsmannavelta styður það. Á vef MK má finna stefnur skólans svo sem um einelti, forvarnir, gæði, heilsu, innkaup, jafnrétti, menntun, meðferð mála, siðareglur, starfsmannahald, stjórnunarhætti, umhverfismál, upplýsingatækni, viðbrögð við vá og vinnuvernd. Í viðtölunum kom fram að leitast er við það í skólanum að fara eftir reglum og vinna í samræmi við stefnur. Öflugt gæðakerfi skólans styður við útfærslu og framkvæmd margra stefnanna.

Nemendum í MK líður almennt vel í skólanum. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og með ólíkar þarfir. Metnaður er lagður í að koma til móts við sem flesta og styðja við vellíðan þeirra. Einn liður í því er móttaka nýnema. Skólinn leggur áherslu á að taka vel á móti nýnemum og í viðtölunum við nemendur og foreldra kom fram ánægja með það hvernig staðið er að móttökunni. Það er m.a. gert með móttöku fyrir nemendur áður en almennt skólastarf hefst, nýnemadegi, nýnemaferð og fundi með foreldrum nýnema. Allir nýnemar taka sameiginlegan áfanga „Læsi“ og er þar fjallað um læsi í viðum skilningi og margt annað tengt grunnþáttum menntunar sem skilgreindir eru í aðalnámskrá.

Nýnemar af erlendum uppruna fá viðtal við náms- og starfsráðgjafa þar sem íslenskukunnátta þeirra er könnuð og skoðað hvort þörf er á námsaðstoð. Ef þörf er á geta nemendur fengið sérstaka aðstoð bæði í íslensku og öðrum greinum. Með stuðningi frá Rotary-klúbbum Borgir hafa nemendur af erlendum uppruna sótt menningartengda viðburði í fylgt mentors. Mentor er íslenskur nemi úr MK sem fær það verkefni að styðja félagslega aðlögun nýnema af erlendum uppruna. Stoðþjónustan tekur til fleiri þátta og styður í heildina jákvæðan skólabrag í MK.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2015-2016 eru birtar niðurstöður könnunar sem gerð var meðal nýnema. Almennt eru nemendur ánægðir með það sem spurt er um svo sem nýnemaballið, nýnemaferðina og tyllidagana. Flestir segja að þeim líði vel og að þeir hafi eignast góða vini í skólanum. Árið 2015 segir um helmingur það vera gott eða frekar gott að hitta umsjónarkennara en tæp 50% hafa ekki skoðun eða finnst það ekki gagnlegt. Einnig kemur fram að einungis um 20% nemenda völdu áfanga fyrir komandi önn án aðstoðar. Þessar niðurstöður er vert að íhuga með tilliti til hlutverks umsjónarkennara í stuðningi við nýnema.

MK kaupir niðurstöður fyrir skólann úr rannsókninni „Ungt fólk - Lýðheilsa framhaldsskólanema“ sem fyrirtækið Rannsóknir og greining gerir. Þar er að finna mælingar á ýmsum þáttum í lífi ungmenna svo sem



vímuefnanotkun, mataræði, svefn, líðan og viðhorfi til náms. Ekki er tilgreint hvernig unnið er með niðurstöðurnar. MK gerir ekki sjálfstæðar athuganir á líðan annarra nemenda en nýnema.

Skólinn leitast við að upplýsa foreldra reglulega um skólastarfið. Þrisvar til fjórum sinnum á önn er sett saman fréttabréf til foreldra sem umsjónarkennarar senda síðan foreldrum sinna nemenda. Foreldrar fá aðgang að Innu, upplýsingar um mætingu og SMS með upplýsingum um forföll kennara. Félagslífsfulltrúi situr fundi foreldrafélagsins. Þegar rætt var um styttingu námstímans kom fram sú skoðun að kynna hefði þurft breytinguna betur fyrir foreldrum og nemendum og jafnframt þriggja og hálfárs námið sem valkost fyrir nemendur.

Foreldrafélag skólans leggur áherslu á verkefni tengd forvörnum, s.s. foreldrarölt og „edrupott“ og starfar félaglífsfulltrúi MK með félaginu að því og öðrum málefnum þess. Nemendur hafa verið áhugasamir um að komast í „edrupottinn“. Í samtölum við fulltrúa foreldrafélagsins kom fram að einn helsti vandi þess sé takmarkaður áhugi foreldra á þátttöku í starfi félagsins og erfiðleikar við að virkja foreldra. Það er verkefni skólans að auka virkni foreldra og aðkomu þeirra að skólastarfinu. Í áætlun skólans um kannanir 2016-2018 er ekki að finna upplýsingar um fyrirhugaða könnun á viðhorfi foreldra til skólastarfsins og hugmyndum þeirra um aðkomu að því. Þekking sem slík könnun veitir kann að vera gagnleg við uppbyggingu foreldrasamstarfs. Í viðbrögðum skólans við drögum að matsskýrslu kemur fram að könnun hafi verið lögð fyrir foreldra í maí 2017.

Samstarf MK við grunnskóla í Kópavogi er í föstum skorðum. Aðstoðarskólameistari situr mánaðarlega fundi með skólastjórum grunnskóla Kópavogs, öllum nemendum í 10. bekk er boðið í morgunkaffi með foreldrum sínum þar sem skólinn er kynntur auk þess sem náms- og starfsráðgjafar eiga samskipti við grunnskólana vegna nemenda með sérþarfir. Nýnemum í MK hefur farið fækkandi. Í viðtölum kom fram að mikilvægur liður í fjölgun nemenda væri að efla samstarfið við grunnskólana, kynna þyrfti skólann og kosti hans betur fyrir starfsfólki og nemendum grunnskólanna.

Reglur skólans eru skýrar og nemendur upplýstir um viðbrögðum við brotum. Í skólanámskrá MK er fjallað almennt um meðferð mála og lausnir ágreiningsefna. Þar er fjallað um misferli í prófum, brot á reglum um skólasókn, ágreining um námsmat, brot á reglum um námsframvindu og tengsl við stjórnarsýslulög. Gæðakerfið gefur regluverki skólans skýran ramma og utanumhald sem einnig tryggir reglulega endurskoðun.

Nemendur segja félagslífið í skólanum vera gott og að það sé vel stutt af stjórnendum skólans. Skólafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum sem eru vel sóttir, sérstaklega af nemendum á bóknámsbrautum. Verknámsnemendur eru ekki jafn virkir í félagslífinu. Í viðtölunum sögðust þeir taka lítinn þátt í félagslífinu m.a. vegna þess að þeir væru uppteknir við vinnu. Mismunandi væri einnig hve mikla samleið nemendur í verknámi telji sig eiga við nemendum í bóknámi. Við þetta bætist að minni áhugi er meðal eldri nemenda á að taka þátt í félagslífi skólans en þeir eru hlutfallslega margir vegna samsetningar námsins.

### **Styrkleikar**

- Góður starfsandi.
- Lítil starfmannavelta.
- Fyrirliggjandi stefnur um mikilvæg viðfangsefni.
- Vel er tekið á móti nýnemum.
- Víðtæk stoðþjónusta.
- Tengsl við grunnskóla eru í föstum farvegi.
- Skýr ákvæði um meðferð mála.
- Stuðningur stjórnenda við félagslíf nemenda.

### **Tækifæri til umbóta**

- Íhuga hlutverk umsjónarkennara með hliðsjón af niðurstöðum nýnemakönnunar.
- Greina hvað veldur vanda nýnema við val á milli anna.
- Mat á líðan nemenda með áherslu á sérstöðu MK.
- Leita leiða til að virkja foreldra betur til þátttöku í foreldrastarfi.
- Gera könnun á viðhorfum foreldra og vinna markvisst með niðurstöður.

## Umfjöllun um húsnaði og aðbúnað

Allt skólahúsnaði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnaði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnaðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Skólahúsnaði Menntaskólans í Kópavogi er bjart og fallegt. Vel hefur tekist til við að gefa byggingum frá mismunandi tímum samstætt útliti með yfirborðsklæðningu. Skipulag innandyrna er gott og tekur mið af þeirri fjölbreyttu starfsemi sem þar fer fram. Þannig virðist sambýli ólíkra kennslugreina vera tryggt með góðu flæði milli kennslustaða. Kennsluaðstaða matvælagreinanna er þannig mjög sýnileg og nýttist öllum nemendum t.d. í mótuneyti nemenda. Nemendur fara úr skóm í anddyri og fá allir læstan skóskáp auk þess sem nemendur í verknámi fá læstan fataskáp. Það vekur eftirtekt hversu snyrtilegt er í skólanum hvert sem litið er. Listaverk prýða skólann og eru sum gerð sérstaklega fyrir skólahúsnaðið. Einnig setja verkefni nemenda skemmtilegan svip á umhverfið.

Aðstaða til bóklegrar kennslu í MK er með ágætum en aðstaða til verklegrar kennslu er komin nokkuð til ára sinna. Að sögn þeirra sem rætt var við er löngu tímabært að endurnýja ýmis dýr tæki. Aukin aðsókn að matvælanáminu á síðustu árum kallar að auki á fleiri tæki af hverri gerð. Flest tækjanna eru frá 1996 en líftími þeirra er jafnan 10-15 ár. Ekki hefur fengist fjármagn til endurnýjunar búnaðar en áætlun um hana hefur legið fyrir frá því á árinu 2013. Útlit tækja og allrar aðstöðu er samt sem áður gott og ekki fæst betur séð en að vel sé gengið um allt rými til verklegrar kennslu.

Ágætlega búið og nýlegt upplýsingatækniver er að finna í MK. Það liggur vel við umferð um skólahúsnaðið og er vel sýnilegt en fram komu athugasemdir um hljóðvist þar. Í verinu rennur hið klassíska bókasafn saman við tölvu-, hugbúnaðar- og upplýsingaþjónustu sem hefur lengi verið eitt áherslumála skólans.

Braut fyrir nemendur með einhverfu hefur gott rými í skólanum. Þar geta nemendur bæði verið einir og í hópum eftir því sem við á. Auk þess hafa nemendur brautarinnar aðgang að öðrum kennslurýmum. Sem dæmi um það má nefna að matsmenn hittu hluta hópsins í eldhúsi við matargerð.

Nemendur í MK fá aðgang að líkamsræktarstöð í Kópavogi. Þeir eru ekki með fasta íþróttatíma í stundatöflu en geta sótt stöðina þegar þeim hentar. Í viðtölum við hagsmunaaðila komu fram skiptar skoðanir um þetta fyrirkomulag. Sumir sjá kosti í sveigjanleikanum á sama tíma og öðrum finnst erfitt að hafa ekki það aðhald sem í því felst að hafa ákveðinn tíma í stundatöflu. Fram kom að sá möguleiki væri fyrir hendi að mæta á staðinn og skrá sig án þess að nýta tímann til heilsuræktar eða að velja sig frá íþróttum.

Nemendafélagið hefur góða aðstöðu í skólanum en almenn félagsaðstaða nemenda er ekki eins og best væri á kosið. Í gögnum frá skólanum kemur fram að beðið er eftir því að þriggja ára námið festi sig í sessi áður en breytingar verða gerðar á húsnaðinu og aðstaða fyrir félagsaðstöðu nemenda bætt.

Kennarar og annað starfsfólk nota kennarastofu sem er rúmgóð og fallega búin húsgögnum. Þar er þó ekki nægt pláss til að allir geti setið til borðs í einu. Kennarastofan er við sama gang og skrifstofur stjórnenda en rýmið í heild er bjart og smekklega innréttað. Allir kennarar hafa vinnuaðstöðu í vinnuherbergi kennara. Þar er þétt setið en ekki fæst betur séð en að vel fari um alla.

Í skólanum er mötuneyti sem starfrækt er í tengslum við matvælanám skólans. Nemendur og kennarar nota sama mötuneyti en í matsalnum er afmarkað en opið svæði fyrir kennara og starfsfólk skólans. Skiptar skoðanir eru meðal kennara um þetta fyrirkomulag en sumir sögðust frekar vilja matast í sérstöku rými. Einu sinni í viku gefst kennurum tækifæri til að borða í sal sem er hluti af verknámsaðstöðu skólans. Þá elda namar í matreiðslu og namar í framreiðslu þjóna til borðs. Í skólanum er jafnframt aðstaða sem svipar til afgreiðslu í bakaríi og í kjörborði verslana. Þegar þessar einingar eru nýttar geta nemendur skólans keypt afrakstur verknámsnemanna á kostnaðarverði.

### **Styrkleikar**

- Fallett húsnæði og góð umgengni.
- Góð aðstaða til bóklegrar kennslu.
- Vel búið upplýsingatækniver.
- Sérhæfð aðstaða til kennslu í matvælagreinum.
- Gott flæði milli ólíkra kennslugreina.
- Verknámsaðstaða sýnileg og vel tengd ö
- ðru skólastarfi.

### **Tækifæri til umbóta**

- Þörf er á endurnýjun ýmissa tækja til verklegrar kennslu.
- Gera þarf úttekt á fyrirkomulagi og aðstöðu til íþróttakennslu.

## Umfjöllun um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur sérstaka áherslu á jafnréttis- og umhverfismál. Liður í því er að helga eina viku að hausti sérstaklega viðfangsefnum sem tengjast umhverfismálum og eina viku að vori jafnréttismálum. Þá er hefðbundin kennsla brotin upp með ýmsum viðburðum tengdum þessum málefnum.

Áherslu á umhverfismál má sjá í skýrri umhverfisstefnu skólans. Þar er fjallað um umhverfisvæn innkaup, meðferð á pappír og umbúðum, ræstingu, flokkun og endurnýtingu, umgengni og fræðslu. Í umhverfisvikunni er fjallað um umhverfismál frá ýmsum hliðum og umhverfisins notið með ýmsum hætti. Skólinn hefur fengið viðurkenningu frá Kópavogsbæ fyrir framlag sitt til umhverfismála.

Í jafnréttisvikunni eru fjallað um jafnrétti í víðu samhengi. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna stöðu flóttamanna og innflytjenda, stöðu kvenna í tónlist á Íslandi, kynin í kvikmyndum, kynferðisofbeldi, sjálfskaða unglunga, einelti og fleira. Skólinn hefur hlotið Jafnréttisverðlaun Kópavogsbæjar og verðlaun Jafnréttisráðs. Á vef skólans má finna jafnréttisstefnu hans og jafnréttisáætlun. Þar segir að endurskoða skuli áætlunina á þriggja ára fresti með hliðsjón af jafnréttisstefnunni. Sú áætlun sem er á vefnum var samþykkt árið 2012 og gildi fyrir tímabilið 2012-2015 og átti að endurskoða hana fyrir 15. mars 2015. Ekki kemur fram að það hafi verið gert en þegar matsmenn komu í skólann stóð jafnréttisvikan yfir og ekki annað að sjá en að enn sé unnið markvisst að jafnréttismálum í MK.

Í MK hefur lengi verið unnið að verkefnum sem hafa það að markmiði að draga úr brotthvarfi. Til að móta það starf er m.a. leitast við að skrá ástæður brotthvarfs eins nákvæmlega og kostur er. Haustið 2016 voru algengustu ástæður brotthvarfs brottvísun úr skóla og andleg veikindi en 51 nemandi hvarf þá frá námi, 28 piltar og 23 stúlkur. Umsjónarkennarar nemenda undir 18 ára fylgjast með ástundun sinna nemenda og fjarvistafulltrúi fylgist með ástundun nemenda sem eru eldri en 18 ára. Það er að hluta til gert til að draga úr brotthvarfi. Náms- og starfsráðgjafar vinna einnig með nemendum sem eru í brotthvarfshættu og foreldrum þeirra. Nemendur geta fengið aðgang að hópráðgjöf og einnig eru í skólanum nemendur sem hitta náms- og starfsráðgjafa reglulega til að vinna með námið og sjálfsmynd sína. Sérstakur námsáfangi „Neminn“ var settur á laggirnar skólaárið 2016-2017 með styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þar er fjallað um námstækni, heimanám, kvíða og annað sem gagnast getur nemendum í brotthvarfshættu auk þess sem þeir fá aðstoð við heimanám. Sérstakt skimunarpróf er lagt

fyrir að hausti til að finna þá nemendur sem virðast í mestri brotthvarfshættu og er þeim boðið að velja þennan áfanga.

Skólinn hefur náð töluverðum árangri með vinnu sinni gegn brotthvarfi og var það um 5% árið 2016. Það er í góðu samræmi við markmið skólans um að brotthvarf sé undir 10%. Á sama tíma fara ólögðmætar fjarvistir yfir 10% en við það mark er hægt að vísa nemendum úr skóla. Leita þarf leiða til að draga úr ólögðmætum fjarvistum.

Eitt þeirra verkefna sem MK stendur frammi fyrir er að stemma stigu við fækkun nemenda. Nemendur í dagskóla hafa ekki verið jafn fáir og nú síðustu tíu ár. Haustið 2016 innrituðust um 103 nýnemar á bóknámsbrautir til stúdentsprófs í MK. Þar af má ætla að um 80 hafi komið úr grunnskólum í Kópavogi sem brautskrá um 400 nemendur á ári. Það verður að teljast lágt hlutfall. Í viðtölunum kom fram að ýmsir telja það metnaðarmál fyrir skólann að fleiri nemendur úr sveitarfélaginu sækji í bóknámið.

Engar formlegar og reglubundnar athuganir eru gerðar á því hvernig brautskráðum nemendum MK vegnar á næsta skólastigi eða í atvinnulífi en slíkar athuganir gætu styrkt starfsemi skólans og gert starfið markvissara. Hugsanlegt er að athugun á afdrifum nemenda gæfi innsýn í hvað veldur því að aðsókn að tilteknum námsbrautum hefur dregist saman.

Tengsl MK við atvinnulífið eru skipulagslega náin og mikil eftirspurn eftir menntuðu starfsfólki í matvæla- og ferðagreinum. Góður árangur Íslendinga í keppnum í matvælagreinum bendir til þess að undirbúningur til starfa sé góður. Einnig má líta á það sem vissa viðurkenningu við námið í MK að hátíðin „Food and Fun“ skuli opnuð með viðburði sem fram fer í skólanum. Það ber náminu einnig jákvætt vitni að fyrirtæki í atvinnulífinu gefa skólanum dýr tæki til að styrkja starfsemi hans.

Matsmenn telja sig ekki hafa nægilega góðar forsendur til að leggja mat á það hvort nemendur hafi tileinkað sér þá færni sem áhersla er lögð á með grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá framhaldsskóla (fullyrðingar 70-75).

### **Styrkleikar**

- Náin tengsl við atvinnulíf.
- Áhugaverð vinna tengd jafnréttis- og umhverfismálum.
- Vinna tengd nemendum í brotthvarfshættu.

### **Tækifæri til umbóta**

- Kanna markvisst hvernig námið nýtist útskrifuðum nemendum.
- Vinna gegn fækkun nemenda.
- Leita leiða til að fá fleiri nýnema úr Kópavogi á bóknámsbrautir.
- Uppfæra jafnréttisáætlun.
- Fækka ólögðmætum fjarvistum (skrópi) nemenda.

## Heimildir og tilvísanir

### Inngangur og almennar upplýsingar

- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2016.
- Sjálfsmatskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2015-2016.
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi 2017.
- Skólasamningur 2013-2015 ásamt viðauka, Menntaskólinn í Kópavogi og mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Upplýsingar frá Menntaskólanum í Kópavogi sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Útprentanir úr gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi og skýringar skólans.
- Vefur Menntaskólans í Kópavogi (mk.is).

### Matsþættir og rökstuðningur við niðurstöður

#### Stjórnun og skipulag

- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi 2017.
- Útprentanir úr gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi og skýringar skólans.
- Vefur Menntaskólans í Kópavogi (mk.is).
- Viðtöl við gæðastjóra, fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.

#### Kennsla og námsframboð

- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2016.
- Kennsluáætlanir.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi 2017.
- Útprentanir úr gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi og skýringar skólans.
- Vefur Menntaskólans í Kópavogi (mk.is).
- Viðtöl við gæðastjóra, fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.

#### Samskipti og líðan

- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2016.
- Rannsóknir og greining: Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2016, unnið fyrir MK.

- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans í Kópavogi 2015-2016.
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi 2017.
- Útprentanir úr gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi og skýringar skólans.
- Vefur Menntaskólans í Kópavogi (mk.is).
- Viðtöl við gæðastjóra, fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.

### **Húsnæði og aðbúnaður**

- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Skólasamningur 2013-2015 ásamt viðauka, Menntaskólinn í Kópavogi og mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Útprentanir úr gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi og skýringar skólans.
- Viðtal við formann skólanefndar.

### **Lykilárangur**

- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2016.
- Rýnihópar stjórnenda, kennara, nemenda, náms- og starfsráðgjafa, þeirra sem sjá um félagsstarf nemenda og tengd málefni, annars starfsfólks og stjórnar nemendafélags.
- Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans í Kópavogi 2015-2016.
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi 2017.
- Upplýsingar frá skólanum sendar matsmönnum samkvæmt beiðni.
- Útprentanir úr gæðahandbók Menntaskólans í Kópavogi og skýringar skólans.
- Vefur Menntaskólans í Kópavogi (mk.is).
- Viðtöl við gæðastjóra, fulltrúa foreldraráðs og formann skólanefndar.